

<b>Dags. fundar:</b> 4. nóvember 2013	<b>Tími:</b> 17.30.	<b>Nr. fundar:</b> 36
<b>Fundarboðari:</b> Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir	<b>Fundarritari:</b> Björn Valdimarsson	<b>Staður:</b> Laugardalslaug.

**Efni fundar:**

1. ÍM25
2. Þýðing á sundreglum.
3. Smáþjóðaleikar
4. Verklag með stjórn SSÍ.
5. Önnur mál.
  - a. Dómaranámskeið.
  - b. Dómarafatnaður.
  - c. Umsókn/númer á mót, fundargerð DMT-nefndar frá 28. ágúst 2013.

**Viðstaddir:** Björn Valdimarsson, Gunnlaugur Þráinsson, Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir, Jón Hjaltason, Ólafur Baldursson, Ragnhildur Guðjónsdóttir, Sigurður Óli Guðmundsson og Viktoría Gísladóttir.

**Dagskrá:**

1. Gunnlaugur mun halda utan um skráningar starfsmanna á ÍM25 og senda stöðu starfsmanna reglulega til SSÍ meðan á skráningu starfsmanna stendur. Mótið verður haldið 22.-24. nóvember n.k. og fer að verða tímabært að senda út óskir um starfsmannaskráningar.
2. Þýðingu á nýjum sundreglum er að ljúka. Stefnt er að því að hægt sé að senda þýðinguna til sunddómara fyrir ÍM25, a.m.k. styttri útgáfu þeirra, excel skjal.
3. DMT-nefnd velti fyrir sér starfsmannahaldi á Smáþjóðleikunum 2015 sem fara fram 30. maí – 5. júní það ár. Mótið er haldið frá þriðjudegi – föstudags, alls 7 mótshlutar.. Alþjóðlegi listinn sem Gunnlaugur Þráinsson er á sem ræsir og Ólafur Baldursson og Birna Björnsdóttir sem yfirdómarar gildir út árið 2014. Þegar umsóknarferlið fer af stað um fólk á nýjan lista er mjög áriðandi að DMT-nefnd fái vitneskju þar um þannig að hún geti lagt til yfirdómara og ræsi/a á nýjan FINA lista. Er það skoðun DMT-nefndar að Smáþjóðleikarnir geti að stærstum hluta verið mannaðir yfirdómurum og ræsum með alþjóðleg réttindi frá Íslandi. Myndin nefndin gjarna vilja senda sunddómurum erindi um dómgæslu á mótinu í upphafi næsta árs þar sem m.a. yrði sagt frá þeim æfingamótum sem eru áætluð fyrir Smáþjóðleikana, RIG 2014, ÍM50 2014, RIG 2015 og ÍM50 2015.
4. Þar sem ekki er lengur tengliður stjórnar innan DMT-nefndar leggur DMT-nefnd það til, að meti nefndin sín erindi á þann hátt að fylgja þurfi þeim eftir, fái að senda fulltrúa frá sér inn á þann fund stjórnar SSÍ sem afgreiða mun fundargerð DMT-nefndar, a.m.k. þar til tengliður stjórnar verður skipaður.

5. a. Á dómaraámskeiðum í september og október hafa klárað nemarnir: Aðalsteinn Már Aðalsteinsson ÍRB, Alma B. Jónsdóttir SH, Anders Möller Nielsen SH, Baldur Gunnarsson NES, Brynhildur Ólafsdóttir NES, Drífa B. Gunnlaugsdóttir NES, Gísli Ágústsson Breiðabliki, Guðmundur S. Jónsson SH, Hilmar T. Björgvinsson ÍRB, Ingþór Kristjánsson SH, Jóhann F. Klausen Ármanni, Kristín Garðarsdóttir SH, Margeir Sveinsson SH, Sigríður Guðmundsdóttir Ármanni, Tómas G. Guðjónsson SH, Valgerður B. Viðarsdóttir Ármanni og Örn Ævar Hjartarson ÍRB. Næsta dómaraámskeið er á áætlun fimmtudaginn 9. janúar 2014 og verklegi hluti þess námskeiðs færir fram á Reykjavíkurmeistaramóti dagana á eftir 10.-11. janúar 2014.

b. Þar sem dómaraámskeið er en í vinnslu og nokkuð margir dómara sem ekki eiga boli er óskað eftir því að dómara mæti til starfa í hvítum/ljósum bolum en ekki í galla- eða stuttbuxum og ekki berfættir.

6. c. Í fundargerð stjórnar SSÍ 16. október sl., var m.a. samþykkt fundargerð DMT frá 28. ágúst sl. Í fyrsta lið þeirrar fundargerðar er farið yfir verkskipan innan DMT-nefndar „Að hluta til hefur ný nefnd tekið til starfa. Hlutverk nefndarinnar hefur verið yfirfarið og samþykkt hjá stjórn SSÍ. Ingibjörg er formaður nefndarinnar og sér áfram um utanumhald punkta. Gunnlaugur sér áfram um uppröðun á mótin. Jón og Sigurður Óli munu sjá um að taka við umsóknum um mót frá félögum og fylgja eftir að gögn mótanna skili sér til skrifstofu SSÍ.“ Var það hugmynd DMT-nefndar að þegar félög sækja um mót til skrifstofu SSÍ þá fengju Jón og Sigurður Óli þá umsókn senda til sín og gætu mótunum númer og skráðu mótið í þar til gert form. Einnig yrði mótshöldurum þá gerð grein fyrir þeirri ábyrgð sem fylgir að taka að sér mótahald, ekki bara aðstæður og mönnun mótsins heldur einnig frágangur þess til að mótið geti talist löglegt. Þætti DMT-nefnd gott ef þessu verklagi gæti verið komið á sem fyrst þannig að hægt sé að fylgjast með skilum á mótagögnum.

**Verkefni ákveðin á fundinum:**

*Verkefni*

*Ábyrgur*

*Ljúkist fyrir:*

<i>Þýðing á sundreglum</i>	<i>GP og SÓG</i>	<i>10. nóvember 2013.</i>
----------------------------	------------------	---------------------------

**Fundi slitið kl: 18.40.**

**Næsti fundur:** Verður boðað til hans